

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2018  
UST201806-168/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka í Spónsgerði í Hörgársveit. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sk. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Efni hefur verið tekið úr námunni við Spónsgerði um nokkurra ára skeið. Talið er að til þessa hafi verið teknir um 80.000 m<sup>3</sup> úr námunni og er ráðgert að taka um 70.000 m<sup>3</sup> úr námunni til viðbótar á næstu 10 árum.


Náman er í gömlu túni sem ræktað hefur verið á malarhjalla. Umhverfisstofnun telur að til þessa hafi helstu áhrif efnistökkunnar verið sjónræn áhrif þar sem náman er fast við Dalvíkurveg og nokkuð mikil ofanafýting er á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt vegna staðsetningar námunnar að ganga frá eldra svæði eins og ráðgert er og reyna eins og kostur er að ganga jafnóðum frá svæðum í nýrri námu þar sem slíkt er mögulegt. Kanna ætti hvort mögulegt sé að hefja efnistöku vestast á nýju svæði og vinna námuna í áttina að þjóðvegi og reyna með þeim hætti að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur gögn nokkuð góð og að þau gefi fullnægjandi mynd af framkvæmdinni.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri